

BRÚIN

Barn – Ráðgjöf – Úrræði

Hafnarfjarðarbær hefur frá og með haustinu 2018 farið af stað með nýja nálgun til að efla stuðning og þjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins. Markmiðið er að auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra.

Lögð er áhersla á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum. Samvinna fagfólks hefur verið eflað á milli fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

Aukin þjónusta fer fram í gegnum lausnateymi leik- og grunnskólanna. Í lausnateyimum sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá fjölskylduþjónustu, sálfræðingum og/eða sérkennslufulltrúa frá fræðslu- og frístundaþjónustu. Hlutverk lausnateyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í lausnateymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins.

Unnið er eftir þessari nýju nálgun fyrst í stað í sjö leikskólum og þremur grunnskólum. Skólarnir taka þátt í þróun þessa nýja vinnulags sem síðar verður innleitt í alla leik- og grunnskóla bæjarins. Þrír starfsmenn hafa verið ráðnir til að tryggja þessu brautargengi, styðja við þróun þess og fylgja eftir mótun nýrra úrræða. Ekki er um tímabundið verkefni að ræða heldur breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Til þess að óska eftir þjónustu lausnateymis, er foreldrum bent að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur þeirra skóla sem taka þátt í verkefninu.